

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur, Akraneskaupstaður.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur samþykkt eftirfarandi gjaldskrá fyrir fráveitu og birtir hana í umboði bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar:

Sveitarfélag	Fast gjald kr./matseiningu	Breytilegt gjald kr./fermetra
Veitusvæði II - Akranes	9.262,39	357,52

Fyrir fasteignir í landi Krosslands í Hvalfjarðarsveit gildir verð skv. veitusvæði II – Akranes.

Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum álagningarinnar.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og reglugerð um fráveitur sveitarfélaga nr. 982/2010 öðlast gildi 1. janúar 2014. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1191/2012.

*Reykjavík, 17. desember 2013*

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur,

**Skúli Skúlason**, framkvæmdastjóri þjónustu.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2013